

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. mars 2002

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi með síðari breytingum

Með vísan til erindis Iðnaðarnefndar Alþingis sbr. bréf dags. 18. febrúar sl. hefur stjórn félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa fjallað um ofangreint frumvarp og setur fram eftirfarandi umsögn.

Félag umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa lýsir sig í öllum aðalatriðum fylgjandi frumvarpinu og þeim breytingum sem þar eru lagðar til enda eru þær í öllum meginatriðum í samræmi við alþjóðlega þróun. Við viljum þó taka fram eftirfarandi:

1. Ekki er rétt sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, en þar segir á einum stað: "Því hafa Evrópuríki, m.a. Norðurlöndin, breytt löggjöf sinni á þann hátt að einungis sé heimilt að krefjast þess að umsækjandi eða einkaleyfishafi hafi umboðsmann sem sé búsettur á EES-svæðinu." Rétt er að Norðmenn hafa ekki enn breytt löggjöf sinni í þessa veru. Umboðsmenn gera hinsvegar ekki efnislegar athugasemdir við breytingartillöguna.
2. Breytingartillögu varðandi ákvæði 31-33 gr. laganna er varða meðferð alþjóðlegra PCT umsókna eru ekki síst til hagsbóta fyrir umsækjendur þannig að umsóknarferlið verður einfaldara og vonandi ódýrara. Umboðsmenn gera ekki efnislegar athugasemdir við breytingartillögurnar.

Hvað varðar athugasemdir við frumvarpið þykir okkur að nokkuð vanti á að umfjöllunin sé tæmandi og taki á öllum þeim þáttum sem breytingarnar hafa eða geta haft áhrif á. Umfjöllunin miðast við að skýra alþjóðlega þróun á þessu svið svo og að gera grein fyrir hagsmunum yfirvalda og þá einkum Einkaleyfastofunnar.

Í þessu sambandi teljum við nauðsynlegt að undirstrika að löggjöfin er sett til að veita uppfinningamönnum eða þeim sem öðlast hafa rétt þeirra (atvinnufyrirtæki) tímabundna umbun í formi einkaréttar fyrir framlag þeirra til nýsköpunar. Um leið er tilgangurinn að tryggja ákveðið jafnvægi gagnvart þeim sem í raun gefa þessi réttindi eftir. Það er þess vegna harmað að engin tilraun er gerð til að skýra ávinning eða áhrif þessara breytinga fyrir þessa aðila. Það er síðan annað mál að breyting á ákvæðum um umboðsmenn gæti haft veruleg efnahagsleg áhrif á starf umboðsmanna. Engin tilraun er gerð til að varpa ljósi á hver áhrif það gæti haft fyrir umsækjendur og þá sérstaklega íslenska umsækjendur.

Stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa beinir þess vegna þeim tilmælum til Iðnaðarnefndar Alþingis að nefndin beiti sér fyrir vandaðri umfjöllun um breytingar af þessum toga þar sem litið verði til fleiri þátta en hagsmuna stofnana hins opinbera og framlag þeirra til alþjóðlegrar þróunar.

Virðingarfyllt
f.h. Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa
Skúli Th. Fjeldsted, form.